



FRÉTTABRÉF

FRÁ SVEITARSTJÓRN

SVEITARSTJÓRNARFUNDIR

Frá síðasta fréttabréfi hafa farið fram þrjár fundir sveitarstjórnar. Á fundi sveitarstjórnar nr. 372 samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar tillögu að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032, sjá nánar [hér](#).

Á 372. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar var ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2022 samþykktur, sjá hér.

Erindi frá Árgangi 1949 í Innri-Akraneshreppi er varðaði beiðni um fjárstuðning vegna viðgerða á Innra-Hólmskirkju var tekið fyrir á fundi nr. 372 og samþykkti sveitarstjórn að verða við beiðninni um styrk að fjárhæð kr. 1.500.000,- til að ljúka við viðgerð á Innra-Hólmskirkju. Líkt og kemur fram í bókun sveitarstjórnar þá vill hún koma á framfæri þakklæti fyrir móttökurnar í kirkjunni, það var ánægjulegt að sjá afrakstur vinnunnar og hefur kirkjan tekið stakkaskiptum utan sem innan. Sveitarstjórn þakkar fyrir framtakið og vonar að vel gangi að ljúka við viðgerðina.

Á 372. fundi var einnig samþykkt erindisbréf fyrir stýrihóp um innleiðingu á verkefninu barnvænt sveitarfélag og á fundi nr. 373 var Andrea Ýr Arnarsdóttir, oddviti, tilnefnd sem fulltrúi sveitarstjórnar í stýrihópnum.

Á fundi sveitarstjórnar nr. 373 voru styrkveitingar úr Menningarsjóði Hvalfjarðarsveitar 2023 staðfestar, ánægjulegt er hver fjöldi umsókna var og hversu spennandi verkefni eru.

Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins, Jökull Helgason, hefur sagt starfi sínu lausu og var uppsagnarbréf hans framlagt á fundi nr. 373. Sveitarstjórn þakkar Jökli fyrir gott og farsælt samstarf og óskar honum velfarnaðar. Laust er því til umsóknar starf skipulagsfulltrúa Hvalfjarðarsveitar, sjá nánar [hér](#).

Þar sem líða fer að sumri þá var á dagskrá 373. sveitarstjórnarfundar erindi frá oddvita er varðar sumarleyfi sveitarstjórnar og lokun skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt var að skrifstofa Hvalfjarðarsveitar verði lokað frá og með 17. júlí til og með 28. júlí nk. vegna sumarleyfa starfsfólks. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að sveitarstjórnarfundur sem vera ætti þann 26. júlí nk. falli niður vegna sumarleyfis sveitarstjórnar. Fyrsti fundur sveitarstjórnar að afloknu sumarleyfi verður haldinn þann 9. ágúst nk. Á sama fundi samþykkti sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar fyrir sitt leyti ársreikning 2022 fyrir Hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða. Skipun í Öldungaráð Hvalfjarðarsveitar var jafnframt að fullu afgreidd, sjá nánar um það seinna í fréttabréfinu.

Á 374. fundi sveitarstjórnar samþykkti sveitarstjórn, í samstarfi við fjölskyldu- og frístundaneftnd, styrkveitingu úr íþrótt- og æskulýðssjóði Hvalfjarðarsveitar að fjárhæð 570.000 kr. til nemenda í 9.-10. bekk Heiðarskóla vegna lokaferðar þeirra til Brighton í maí. Sveitarstjórn óskar nemendum góðrar ferðar og skemmtunar. Á sama fundi var einnig samþykkt að farið verði, sem fyrst, í úrbætur við frárennsli Eiðisvatns ásamt því að samþykkt var að plan við grenndarstöð í Melahverfi verði malbikað í heild sinni með tilliti til betri aðkomu, þrifnaðar og ásyndar.

Frístundastefna Hvalfjarðarsveitar var samþykkt á fundi nr. 374 og þakkaði sveitarstjórn stýrihópnum fyrir vel unnin störf við gerð stefnunnar. Sjá nánar [hér](#). Erindi frá Nemendafélagi Heiðarskóla er varðaði beiðni um endurgjaldslaus afnot af Miðgarði vegna Lyngbrekkuballs samstarfsskólanna á Vesturlandi var samþykkt á fundi nr. 374.

Ýmis önnur mál, sem ekki er getið hér, hafa einnig verið tekin fyrir ásamt fundargerðum nefnda og afgreiðslumálum frá þeim og hvetjum við áhugasama að skoða fundargerðir nefnda og sveitarstjórnar sem finna má [hér](#) og á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.



Sauðburður er hafinn í Hvalfjarðarsveit.



FASTANEFNDIR



Mannvirkja- og framkvæmdanefnd:

Talið frá vinstri: Ómar Örn Kristófersson, Helga Harðardóttir, Einar Engilbert Jóhannesson, Hlynur Sigurdórsson, Guðjón Jónasson (formaður, gudjon@hvalfjardarsveit.is) og Salvör Lilja Brandsdóttir.

Á myndina vantar Róbert Eyvar Ólafsson, aðalmann.

Í **mannvirkja- og framkvæmdanefnd** eiga sæti fimm fulltrúar sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Hvalfjarðarsveitar.

Starfsmaður nefndarinnar er Hlynur Sigurdórsson, verkefnastjóri framkvæmda og eigna.

hlynur@hvalfjardarsveit.is

Hlutverk nefndarinnar er eftirfarandi:

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um um áætlanagerð vegna uppbyggingar, viðhalds og nýtingar mannvirkja í eigu sveitarfélagsins svo og fjárfestingum í mannvirkjum og búnaði þeim tengdum.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um öll veitumál m.a. varðandi nýframkvæmdir, viðhald og búnað hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og ljósleiðara.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um stefnumótun í samgöngu- og umferðarmálum og annast eftirfylgni með framkvæmd þeirrar stefnumótunar.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um brunamál og eldvarnir, stefnumótun um uppbyggingu, endurnýjun og viðhald búnaðar svo og samstarf við nágrennasveitarfélög um rekstur brunavarna.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um byggingarmál og mannvirki sbr. ákvæði mannvirkjalaga.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um uppbyggingu og viðhald búnaðar á leikvöllum.
- Að fara yfir tillögur forstöðumanna að fjárhagsáætlun hvers árs hvað varðar þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar svo og starfsáætlun hvers árs.
- Að vera sveitarstjórn að öðru leyti til ráðgjafar í málaflokkum sem falla undir verksvið nefndarinnar

Erindisbréf fyrir mannvirkja- og framkvæmdanefnd Hvalfjarðarsveitar, má nálgast [hér](#).

ÖLDUNGARÁÐ

Skipan Öldungaráðs Hvalfjarðarsveitar er lokið.

Ráðið er skipað sjö fulltrúum og eru þeir eftirfarandi: Helgi Pétur Ottesen, fulltrúi sveitarstjórnar og formaður ráðsins. helgi@hvalfjardarsveit.is Andrea Ýr Arnarsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar. Helga Jóna Björgvinsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar. Áskell Þórisson, fulltrúi eldri borgara. Jóhanna G. Harðardóttir, fulltrúi eldri borgara. Anna G. Torfadóttir, fulltrúi eldri borgara. Ragnheiður Helgadóttir, fulltrúi heilsugæslu.

Félagsmálastjóri er starfsmaður ráðsins, situr fundi þess og hefur þar málfrelsi og tillögurétt.

Formaður ráðsins, í samstarfi við félagsmálastjóra mun fljótlega boða til fyrsta fundar ráðsins sem starfar samkvæmt erindisbréfi, sjá [hér](#).

Hlutverk öldungaráðs er einkum að:

- Vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum aldraðra í Hvalfjarðarsveit, sbr. 3. másl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 m.s.br.
- Vera ráðgefandi við gerð reglna um þjónustu við aldraða.
- Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við aldraða í Hvalfjarðarsveit í samráði við notendur hennar, sbr. 1. másl. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga.
- Gæta hagsmuna aldraðra íbúa sveitarfélagsins, leitast við að tryggja að aldraðir fái þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem eru í boði.
- Gera tillögur til fjölskyldu- og frístundanevndar og sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu og stefnumörkun í málaflokknum.
- Vera til samráðs um þau mál sem nefndir sveitarfélagsins óska hverju sinni, ásamt því að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði þau mál sem ráðið telur mikilvæg og falla undir hlutverk og markmið ráðsins.



Hlutverk öldungaráðs var kynnt á opnu húsi eldri borgara í byrjun apríl.



KYNNINGAR, FUNDIR OG VIÐBURÐIR

Ýmsar kynningar hafa farið fram síðustu vikur ásamt fundum og viðburðum. Í mars komu nemendur af yngsta stigi Heiðarskóla í heimsókn í stjórnsýsluhúsið í Melahverfi. Heimsóknin var hluti af verkefni sem börnin eru og hafa verið að vinna að undanfarið og heitir Líf í Hvalfjarðarsveit. Markmið verkefnisins er að nemendur kynnist sveitarfélagi sínu, sögu þess, helstu kennileitum, stofnunum og daglegu lífi íbúa. Fulltrúar úr sveitarstjórn og sveitarstjóri tóku á móti nemendum og kynntu fyrir þeim ýmis fundarsköp eins og t.d. með hvaða hætti ákvarðanir eru teknar ef ekki eru allir sammála. Börnin fengu einnig að æfa sig í að koma upp í púlt, leggja fram tillögur og greiða atkvæði. Að lokum var farið með hópinn um stjórnsýsluhúsið, heilsað upp á starfsfólkið þar auk þess sem öllum var boðið upp á ís áður en nemendur héldu aftur í Heiðarskóla.

Aðalfundur SSV var haldinn miðvikudaginn 22. mars sl. á Hótel Hamri. Sama dag fóru jafnframt fram aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Miðvikudaginn 29. mars sl. ritaði Hvalfjarðarsveit undir samkomulag við UNICEF og Mennta- og barnamálaráðuneytið um að verða Barnvænt sveitarfélag en í því felst skuldbinding sveitarfélagsins að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins.

Árshátíð Heiðarskóla hefur einnig farið fram, Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga, fyrirlestur frá ADHD samtökunum, kynning á vindorkuskýrslu, fræðslufundur með Heimili og skóla fyrir foreldra og forsjáraðila á Akranesi og Hvalfjarðarsveit og fjöldi fleira viðburða, kynninga og funda.



Árshátíð Heiðarskóla
30. mars



Landsþing SÍS
31. mars

PÁSKAEGGJALEIT

Laugardaginn 8. apríl sl. fór fram páskaeggjaleit í Álfholtsskógi í boði Skógræktarfélags Skilmannahrepps og Menningar- og markaðsnefndar Hvalfjarðarsveitar. Vel var mætt á viðburðinn og skein gleði og ánægja frá gestum.



ANNÆÐ

Samhliða breyttri úrgangsstjórnun í Hvalfjarðarsveit hefur verið gefið út nýtt sorphirðudagatal, sjá [hér](#).

Stóri plokkgaturinn er sunnudaginn 30. apríl og Hvalfjarðarsveit, í samstarfi við Kvenfélagið Lilju og Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar ætla að taka þátt í deginum, sjá viðburð á [facebook](#). Allir eru hvattir til að taka þátt, hvort sem það er með því að vera þátttakandi í skipulögðum viðburði eða einfaldlega skella sér í góða skó og plokka í sínu nærumhverfi. Það er heilsusamleg útvera og gott fyrir umhverfið.

Gleðilegt sumar

Bestu kveðjur,
sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar



Líf í Hvalfjarðarsveit
17. mars



Barnvænt sveitarfélag -
undirritun, 29. mars